

## Aðalfundur LÍV 2007 á Hveravöllum 13. Október.

### Fundargerð:

1. Fundarsetning.

2. Birkir Sigurðsson kosinn sem fundarstjóri og ritari fundarins.

3. Bergur lansdforseti fór yfir starfsemi líðandi árs hjá LÍV. Fór hann yfir skýrslu stjórnar. Þar var rætt um fjölgun nýrra félaga og þá aðallega félaga sem umboðin áttu að hjálpa til við að afla. Umboðin tóku vel í þessa tillögu á síðasta ári, en þetta gaf þó litlan árangur.

Blaðið vélsleðinn var gefið út eins og fyrri ár.

4. Jóhann Gunnar gjaldkeri fór yfir reikninga LÍV síðasta árs og voru þeir samþykktir án athugasemda.

5. Formenn svæðafélaganna LÍV- Reykjavík, EY-LÍV og Snæ-LÍV.

Bergur renndi yfir starfsár þeirra Reykvíkinga sem var líflegt og gott.

Þeir hafa lagt mikið uppúr líflegum og skemmtilegum fundum með fyrirlesurum, heimsóknum söluaðila og fl.

Ármann Sverrisson sagði frá liðnu starfsári EY-LÍV. Þar mættu margir gestir á fundi, heimsókn til Snæ-LÍV manna var gríðarlega skemmtileg og vakti mikla lukku og stendur til að endurtaka leikinn í ár. Vatnahjallavegur var smíðaður langleiðina og stendur til að klára hann í haust. Kostnaður við veginn er nú kominn í 5,8 milljónir, enn vantar 2-3 milljónir til að klára verkefnið.

Kiddi Túrbó fór yfir ár þeirra Skagfirðinga, áttu þeir ljómandi gott starfsár.

Þeir unnu að undirbúningi að lagningu vegspotta inn Kaldbaksdal, sú vinna er enn í fullum gangi.

6. Jóhann Gunnar fór yfir Fjárhagsáætlum næsta árs, hún var samþykkt óbreytt.

7. Félagsgjöld voru samþykkt áfram kr. 4.500 og aukagjald þeirra félaga sem hafa aukaðild að félaginu greiði kr. 500.

8. Ný stjórn LÍV var kynnt.

Bergur og Freyr Aðalgeirsson sitja fyrir hönd LÍV Reykjavík. Sveinn Borgar situr sem varamaður fyrir hönd LÍV Reykjavík.

Frá EY-LÍV sitja Ármann Sverrisson og Birkir Sigurðsson, Viðar Pálson situr sem

varamaður.

Frá Snæ-LÍV sitja Sigurjón Jónsson sem er einnig formaður LÍV. Kristinn Björgvinsson situr og varamaður þeirra er Jóhann Gunnlaugsson.

Jóhann Gunnar hættir sem gjaldkeri LÍV eftir mikið og gott starf.

9. Skoðunarmenn reikninga eru Vilhelm Ágústsson og Eiríkur Jónsson en þeir voru kosnir í fyrra til tveggja ára.

10. Ákvörðun var tekin um að halda næsta aðalfund LÍV í byrjun Október á næsta ári, með nánari útfæslu stjórnar.

**Virðingarfyllst, Birkir Sig. fundarstjóri- og ritari.**